

Ár 2005, miðvikudaginn 18. febrúar er dómþing í dómstól ÍSÍ sett og háð af Gunnari Guðmundssyni að Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi

Fyrir er tekið:

Mál nr.5/2004

Skautafélagið Björninn

gegn

Íshökkídeild Ungmennafélagsins Narfa

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

DÓMUR.

I.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu ÍSÍ 15. desember sl. Kærandi er Skautafélagið Björninn kt. 540291-1289. Kærði er Íshökkídeild Ungmennafélagsins Narfa kt. 571293-2269

Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstól ÍSÍ þann 16. desember sl.

Dómkröfur kæranda.

Kærandi krefst þess að hið kærða félag, Íshökkídeild Ungmennafélagsins Narfa, verði dæmt frá keppni í Íslandsmóti karla í íshökkí keppnistímabilið 2004-2005.

Dómkröfur kærða.

Kærði krefst sýknu af kröfum kæranda.

II.

Málvextir kveður kærandi þeir að hið kærða félag hafi ekki tilnefnt þrjá virka dómara til þess að dæma fyrir hönd félagsins í Íslandsmóti karla í íshökkí, keppnistímabilið 2004-2005, eins og kveðið er á í málsgrein A, 1. greinar reglugerðar ÍSS, nr. 6.

Málsástæður kveður kærandi vera þær að hið kærða félag uppfyllti ekki skilyrði reglugerðar ÍSS nr. 6 áður en félagið hóf keppni í Íslandsmóti karla í íshökkí, keppnistímabilið 2004-2005. Hvergi kemur fram í fundargerðum stjórnar ÍHÍ, að Narfi hafi fullnægt skilyrðum reglugerðar ÍSS nr. 6. Hvergi er getið um málið í þeim tilkynningum sem dómaranefnd sambandsins hefur sent frá sér.

Sem frekari rökstuðning fyrir kröfum sínum bendir kærandi á að fyrir skiptingu ÍSS í sérsamband listskauta og íshökkí þann 6. nóvember 2004 giltu lög ÍSS og reglugerðir. Eftir stofnun sérsambandsins ÍHÍ gilda um það lög þess sambands ásamt nýjum reglugerðum sem samþykktar hafa verið í stjórn þess, en annars gilda eldri reglugerðir ÍSS eftir því sem við á. Í þessu tilviki gildir reglugerð ÍSS nr. 6, sem kveður á um, hvaða

skilyrði eru fyrir því að aðildarfélag ÍSS, núna ÍHÍ geti tekið þátt í mótum á vegum sambandsins. (sbr. stjórnarfundargerð ÍHÍ dags. 10. nóv. 2004 liður 3)

III.

Hinu kærða félag var gefin kostur á að skila greinargerð vegna framangreindrar kæru. Með greinargerð dagsettri þann 22. desember s.l. komu eftirfarandi athugasemdir fram af þeirra hálfu:

"Íshökkídeild Ungmennafélagsins Narfa var stofnuð síðastliðið sumar og var þegar hafist handa við undirbúning félagsins til þátttöku í Íslandsmótinu í íshokki tímabilið 2004 – 2005. Fyrst var samið við Skautafélag Akureyrar um að heimavöllur Narfa yrði Skautahöllin á Akureyri, auk þess sem samið var við íshökkídeild félagsins um starfsfólk í kringum heimaleiki liðsins, þ.m.t. línumenn sem m.a. falla undir skilgreiningu 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ÍSS á "virkum dómurum".

Nýstofnuð mótanefnd ÍHÍ, skipuð fulltrúum allra liðanna fjögurra (Björninn, Narfi, SA og SR) hélt sinn fyrsta fund 14. september 2004 og tilkynnti um dómaranámskeið og óskaði eftir tilnefningum. Ungmennafélagið Narfi tilkynnti strax inn tvo dómara, undirritaðan og Helga Gunnlaugsson en að auki mætti á tilgreint námskeið Halldór Ásmundsson. Fulltrúar Narfa hófu strax í framhaldi námskeiðsins að dæma á mótum á vegum ÍHÍ í vetur án athugasemda. Enginn fulltrúa Narfa hafði reynt til þess að dæma meistaraflokkleiki og því hafði undirritaður samband við Viðar Garðarsson, formann ÍHÍ og dómaranefndarinnar og fór þess á leit við hann að hann myndi taka að sér dómgæslu í meistaraflokksleikjum fyrir hönd Narfa. Viðar tók að sér verkefnið, enda reyndur á því sviði, og hefur dæmt sem fulltrúi Narfa sem af er tímabils og verið raðað á leiki sem slíkur.

Bókun fulltrúa Bjarnarins vegna umræðu um dómaramál frá 7. desember 2004, fyrri fundi, um að Viðar og undirritaður brjóti í bága við 2. mgr 6. gr. er algjörlega á skjön við þær hefðir sem ríkt hafa innan hreyfingarinnar þar sem flestir ef ekki allir dómara sem dæmt hafa í deildinni frá upphafi, að undanskildum innfluttum dómurum, hafa ekki fullnægt skilyrðum reglugerðar 6.2. Því til stuðnings má vísa í bókun formanns ÍHÍ á seinni fundi þennan sama dag, sem samþykkt var samhljóða af stjórn ÍHÍ og send til aðildarfélaganna. Málum er þannig háttað enn í dag þar sem allir dómara sem dæmt hafa í Íslandsmóti meistaraflokk á tímabilinu brjóta í bága við fyrrnefnda reglugerð 6.2, og um það hefur ríkt samkomulag til þessa dags, enda ekki annað hægt þar sem öðrum dómurum er ekki fyrir að fara.

Þar sem réttilega var bent á það á þessum sömu fundum að formlegar undanþágubeiðnir frá reglugerð 6.2 höfðu ekki borist frá félögunum fjórum, óskaði ÍHÍ eftir því í bréfi til allra liðanna að þau gerðu slíkt hið fyrsta. Ungmennafélagið Narfi var fyrst til þess að fara að þeim tilmælum, og nú hafa hin liðin þegar þetta er skrifað gert slíkt hið sama, að Birninum undanskildum.

Ungmennafélagið Narfi hefur bæði fylgt reglugerðum ÍSS og þeim venjum og hefðum sem ríkt hafa síðustu ár. Narfi hefur staðið við skyldur sínar skv. kröfum dómaranefndar og aldrei hafa komið upp vandkvæði vegna skorts á dómurum frá Narfa, hvorki í Meistaraflokki karla og kvenna né yngri flokkum."

Með framangreindri greinargerð sinni lagði hið kærða félag einnig fram bréf formanns ÍHÍ sem jafnframt er formaður dómaranefndar ÍHÍ. Það er svohljóðandi:

" Hér fyrir neðan er smá samantekt varðandi beiðni þína um staðfestingar. Afritanir af bréfum og tölvupósti birtast hér skáletri í bláum lit.

Það er rétt að þegar áður en íslandsmót karla hófst í haust fórst þú þess á leit við mig að ég mundi aðstoða Narfa varðandi dómgæslu í meistaraflokki karla á meðan að dómara Narfa væru að ná sér í reynslu til þess að dæma leiki í meistaraflokki karla. Allir leikir sem að ég hef dæmt á þessu keppnistímabili eru leikir þar sem að það stóð upp á Narfa að leggja fram dómara. Þessi beiðni þín var munnleg og því er ekki til tölvupóstur til staðfestingar á þessum tilteknu samskiptum en rétt að benda aftur á að ég hef frá upphafi mótsins annast dómgæslu fyrir Narfa í meistaraflokki karla án þess að athugasemd hafi borist til stjórnar ÍHÍ eða til dómaranefndar sambandsins.

Þeir félagsmenn Narfa sem tóku dómara réttindi við upphaf þessarar leiktíðar hafa dæmt leiki í yngri flokkum karla og meistaraflokki kvenna. Engar kvartanir hafa borist til sambandsins eða til dómaranefndarinnar þess efnis að Narfi hafi ekki annast hlutverk sitt varðandi dómgæslu á yfirstandandi tímabili.

Þann 14.09.2004 sendi dómaranefnd sambandsins frá sér þetta bréf til aðildarféлага sinna sem hugðust taka þátt í íslandsmótinu í Íshokki.

Ágætu formenn íshokki deilda

Dómaranefnd ÍHÍ hélt sinn fyrsta fund í kvöld, ljóst er að nefndin þarf að vinna mjög hratt til þess að Íslandsmót fari á stað með eðlilegum hætti 25. september næstkomandi.

Ákveðið var að setja upp eftirfarandi námskeið strax:

? Akureyri, næstkomandi laugardagur 18. september klukkan 18:00 til 21:00, og sunnudagurinn 19. september frá 13:30 til 18:00, staðsetning Skautahöllin á Akureyri.

? Reykjavík, Þriðjudagurinn 21. september kl. 20:00-23:30 og miðvikudaginn 22. Reykjavík á sama tíma. Staðsetning verður tilkynnt síðar.

Vinsamlegast hvetjið eins marga og kostur er að sækja námskeið þessi. Vinsamlegast veitið einnig athygli að nú þarf að tilnefna fleiri dómara en áður hefur tíðkast í takti við fjölda keppnisflokka. Þ.e. a.m.k. 2 aðaldómara og 4 línumenn hæfa fyrir dómgæslu í efstu flokkum og annað eins til dómgæslu í yngri flokkum.

Hér með í fylgju er fundargerð dómaranefndar ykkur til upplýsinga og hikið ekki við að hafa samband við einhvern að nefndarmönnum ef frekari skýringa er óskað.

Þeir eru fyrir:

ÍHÍ – Viðar Garðarsson formaður

SA – Sigurgeir Haraldsson

SR – Ágúst Ásgrímsson

Narfi – Helgi Gunnlaugsson

Björninn – verður tilnefndur síðar (að þeirra ósk)

Með kveðju,

Dómaranefnd ÍHÍ

Eina formlega svarið sem Dómaranefndinni barst vegna tilkynninga á námskeiðin var eftirfarandi tölvupóstur frá þér Sigurður.

Sendandi: Flæðisker ehf. [mailto:flaedisker@simnet.is]

Sent: 14. september 2004 22:48

Viðtakandi: 'Vidar Gardarsson'

Efni: RE: Dómaramál

Sæll Vidar,

Helgi er byrjaður að safna mannskap til að mæta á námskeiðið, í fljótu bragði má reikna með mér og Helga sem fulltrúum Narfa á námskeið um helgina. Auk þess reikna ég með því að ágætis mæting fái frá SA – það er allavega í vinnslu.

Þannig má með nokkrum rökum halda því fram að Narfi hafi verið eina aðildarfélag ÍHÍ sem formlega tilkynnti inn menn til dómgæslu, eldri félögin 3 sendu ekki inn formlegar þátttökutilkynningar heldur sendu menn beint á fyrirhuguð námskeið eins og áralöng hefð var fyrir.

Um árábil hefur ríkt þegjandi samkomulag um það líta framhjá ákvæðum í reglugerð 6 bæði hvað varðar tilnefningar dómara og eins undanþágur vegna greinar 6.2, þetta hefur verið gert vegna þess að hreyfingin hefur verið í vandræðum með að fá aðila til dómgæslu.

Á stjórnarfundum í stjórn ÍHÍ voru þessi mál rædd sérstaklega eftir að Magnús Jónasson hótaði að kæra leiki þar sem ekki hafði verið farið eftir reglugerð 6.2 um undanþágur dómara. Í kjölfarið á því var eftirfarandi erindi sent á aðildarfélag.

Á stjórnarfundum ÍHÍ síðastliðinn var eftirfarandi bókun borin fram og samþykkt samhljóða eftir nokkuð líflégar umræður.

„Frá því að Íshokkí deild skautasambands Íslands var stofnuð, hefur þurft að leita undanþágu frá reglugerð númer 6 vegna þess að þeir einu sem hafa haft kunnáttu og hæfni til dómgæslu hafa komið úr hreyfingunni.

Síðustu ár hefur verið samkomulag um þetta og því hafa undanþágur á reglugerð 6 grein 2 ekki síðustu ár hlotið formlega afgreiðslu fyrir stjórn ÍHÍ heldur hafa dómara verið tilnefndir af félögum og síðan hefur þeim verið raðað á leiki af móta og dómara nefnd.

Nú í dag 7 desember þegar eitt af aðildarfélögum ÍHÍ krefst þess að farið verði eftir reglugerðinni að öðrum kosti verði úrslit leiks sem leika á í kvöld kærð til ÍSÍ, er nauðsynlegt að þetta sé afgreitt með formlegum hætti.

Samkvæmt þeirri skilgreiningu sem fram kemur í reglugerð 6,2 eru allir þeir aðilar sem að dómara nefnd telur hafa viðunandi reynslu og hæfi til dómgæslu í mfl. Karla óhæfir til dómgæslu og því mundi mótahald leggjast af ef ekki eru samþykktar undanþágur.

Því er það sem að undirritaður leggur til að stjórn ÍHÍ veiti eftirtöldum aðilum undanþágu frá reglugerð 6,2.

Snorri Gunnar Sigurðarson

Helgi Páll Þórisson

Vidar Gardarsson

*Þannig borið upp til atkvæðagreiðslu á stjórnarfundum ÍHÍ
Reykjavík 7. desember 2004*

Viðar Garðarsson formaður ÍHÍ”

Þessi bókun var gerð í upphafi með nöfnum allra þeirra aðila sem að dæmt hafa í meistara flokki karla en var síðan samþykkt með þessum nöfnum til þess að leikir þeir sem leika átti nú um nýliðna helgi væru ekki í uppnámi.

Mikilvægt er nú að klára með formlegum hætti tilnefningar dómara og staðfestingar á undanþágum til handa þeim. Hér fyrir neðan er svo reglugerð númer 6 en samkvæmt henni þarf hvert lið að tilnefna með formlegum hætti a.m.k. 3 dómara og sækja um undanþágur fyrir þá sem stangast á við grein 2 á reglugerðinni.

„Reglugerð nr.6

Reglugerð um dómgæslu á mótum á vegum ISS

6.1 Sérhvert félag sem tilkynnir þátttöku í mótum á vegum ISS

öðlast ekki þátttökurétt fyrir en það hefur:

A) Íshokki: Tilnefnt virka dómara til að dæma fyrir þess hönd. 3 í íshokkíleikjum ef lið er tilkynnt í íshokkímót.

B) Listhlaup: Greitt dómargjald og keppnisgjald til Hlaupadeildar. Þetta þarf að vera greitt 10 dögum fyrir mót. Mótanefnd sér um að útvega dómara á öll mót.

6.2 Dómari sem tilnefndur hefur verið má ekki vera keppandi í viðkomandi móti, hjálfari eða foreldri keppenda.

6.3 Móta og dómara nefnd ákveður dómara fyrir leiki. Ef dómari forfallast af einhverjum ástæðum geta forráðamenn

viðkomandi félaga komið sér saman um annan dómara.

Þetta samkomulag skal vera skriflegt og undirritað af forsvarsmönnum beggja liða fyrir leikinn og skal fylgja dómarskýrslu.

Félagi er heimilt að sækja um undanþágu á 1. og 2. grein til Stjórna viðkomandi deilda.

6.4 Stjórn ÍHI getur að tillögu móta- og dómara nefndar ákveðið greiðslur til dómara.”

Því er formlega óskað efir því við aðildarfélög ÍHÍ að þau tilnefni með formlegum hætti hvaða einstaklingar annast dómgæslu á þeirra vegum á þessu tímabili og sækji um viðeigandi undanþágu fyrir þá aðila sem þess þarf samkvæmt reglugerðinni hér að ofan.

Vinsamlegast sendið til baka nöfn þeirra einstaklinga sem að annast munu dómgæslu á vegum hvers félags og undanþágubeiðni fyrir þá, helst fyrir miðvikudaginn 15. desember þar sem málið verður tekið þar upp á nýju á boðuðum stjórnarfundum í hádeginu þann dag.

Með kveðju F.h. stjórnar ÍHÍ

Viðar Garðarsson

Í dag 5. janúar 2005 hafa Skautafélag Akureyrar, Skautafélag Reykjavíkur og Narfi öll sent inn formlegar tilnefningar ásamt ósk um undanþágu, eina félagið sem ekki hefur með formlegum hætti gengið frá sínum málum eftir að ofangreint bréf var sent 7. desember síðastliðinn er Björninn.

Með kveðju.

Viðar Garðarsson
formaður ÍHÍ og dómara nefndar ÍHÍ

IV.

Dómari ritaði Íshökkisamband Íslands bréf og óskaði eftir skriflegu svari við nokkrum spurningum er tengdust málinu í samræmi við heimild í grein 27.6. í lögum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands

Spurningar dómara og svör formanns Íshökkisambandsins voru svohljóðandi:

- 1. Var reglugerð nr. 6 um dómgæslu á mótum í gildi við upphaf keppnistímabilsins 2004-2005 eins og hún er orðuð á heimasíðu ÍHÍ og í tölvupósti í málsgögnum? Hefur orðalag hennar eitthvað breyst frá upphafi keppnistímabils?**

Svar:

Reglugerð númer 6 hefur verið í gildi eins lengi mig rekur minni til og ekki hafa verið gerðar á henni orðalagsbreytingar fyrir þetta tímabil. Síðast var þessari reglugerð breytt á Skautaþingi 2003 þá var lagfærður b liður 1. greinar sem að vikur að listhlaupi.

Þar til 6. nóvember síðastliðinn hafði stjórn ÍHÍ ekki heimild til þess að eiga við reglugerðir þær sem í gildi voru einungis skautaþing gat breytt eða fellt út reglugerðir. Hinsvegar hefur verið þegjandi samkomulag milli aðildarfélaganna ÍHÍ um það túlka þessa reglugerð vitt eins lengi og mig rekur minni til.

Ég hef starfað í dómara nefnd (sem hét móta og dómara nefnd fyrir þetta tímabil) óslitið í 6 tímabil og gengt formennsku í nefndinni í 5 og allan þann tíma hefur reglugerð þessi verið túlkuð vitt. Ástæðan er sú að almennt eru menn sammála inntaki hennar en hreyfingin er ekki komin á það þroskastig að hægt hafi verið að framfylgja henni.

- 2. Hve mörg lið sendi Narfi til keppni á yfirstandandi keppnistímabili?**

Narfi sendir til keppni eitt lið, einungis í meistaraflokki karla.

- 3. Hve marga leiki hafa málsaðilar leikið samtals á yfirstandandi tímabili og hve marga innbyrðis?**

Björninn hefur leikið 9 leiki það sem af er tímabilinu og Narfi 10, þar af eru 4 leikir innbyrðis viðureignir félaganna

- 4. Hafa forráðamenn Bjarnarins áður komið fram með sambærileg mótmæli um lögmælti leikja vegna dómaramála annaðhvort fyrir upphaf leikja eða á sambandsgrundvelli?**

Eina tilvikið er að þann 7. desember síðastliðinn á stjórnarfundum ÍHÍ þá mótmælti Magnús Jónason dómartilnefningu vegna leiks sem leika átti þá um kvöldið. Mótmælin voru rökstudd með þeim rökum að dómari sá sem dæma ætti leikinn hefði ekki undanþágu í samræmi við reglugerð 6 grein 2. Eftir nokkuð snarpar umræður var eftirfarandi bókun borin undir atkvæði stjórnar sambandsins og samþykkt samhljóða og þá í kjölfarið var formlegt erindið hér að neðan sent til formanna íshökkídeilda aðildarfélaganna.

Bókun.

Á stjórnarfundum ÍHÍ síðastliðinn var eftirfarandi bókun borin fram og samþykkt samhljóða eftir nokkuð líflegar umræður.

„Frá því að Íshökkí deild skautasambands Íslands var stofnuð, hefur þurft að leita undanþágu frá reglugerð númer 6 vegna þess að þeir einu sem hafa haft kunnáttu og hæfni til dómgæslu hafa komið úr hreyfingunni.

Síðustu ár hefur verið samkomulag um þetta og því hafa undanþágur á reglugerð 6 grein 2 ekki síðustu ár hlotið formlega afgreiðslu fyrir stjórn ÍHÍ heldur hafa dómara verið tilnefndir af félögum og síðan hefur þeim verið raðað á leiki af móta- og dómara nefnd.

Nú í dag 7. desember þegar eitt af aðildarfélögum ÍHÍ krefst þess að farið verði eftir reglugerðinni að öðrum kosti verði úrslit leiks sem leika á í kvöld kærð til ÍSÍ, er nauðsynlegt að þetta sé afgreitt með formlegum hætti.

Samkvæmt þeirri skilgreiningu sem fram kemur í reglugerð 6,2 eru allir þeir aðilar sem að dómara nefnd telur hafa viðunandi reynslu og hæfi til dómgæslu í mfl. karla óhæfir til dómgæslu og því mundi móta hald leggjast af ef ekki eru samþykktar undanþágur.

Því er það sem að undirritaður leggur til að stjórn ÍHÍ veiti eftirtöldum aðilum undanþágu frá reglugerð 6,2.

Snorri Gunnar Sigurðarson
Helgi Páll Þórisson
Viðar Garðarsson

Þannig borið upp til atkvæðagreiðslu á stjórnarfundum ÍHÍ

Reykjavík 7. desember 2004

Viðar Garðarsson formaður ÍHÍ”

Þessi bókun var gerð í upphafi með nöfnum allra þeirra aðila sem að dæmt hafa í meistara flokki karla en var síðan samþykkt með þessum nöfnum til þess að leikir þeir sem leika átti nú um nýliðna helgi væru ekki í uppnámi.

Mikilvægt er nú að klára með formlegum hætti tilnefningar dómara og staðfestingar á undanþágum til handa þeim. Hér fyrir neðan er svo reglugerð númer 6 en samkvæmt henni þarf hvert lið að tilnefna með formlegum hætti a.m.k. 3 dómara og sækja um undanþágur fyrir þá sem stangast á við grein 2 í reglugerðinni. (Meðfylgjandi er afrit reglugerðarinnar)

Því er formlega óskað efir því við aðildarfélög ÍHÍ að þau tilnefni með formlegum hætti hvaða einstaklingar annast dómgæslu á þeirra vegum á þessu tímabili og sæki um viðeigandi undanþágu fyrir þá aðila sem þess þarfnast samkvæmt reglugerðinni hér að ofan.

Vinsamlegast sendið til baka nöfn þeirra einstaklinga sem að annast munu dómgæslu á vegum hvers félags og undanþágubeiðni fyrir þá, helst fyrir miðvikudaginn 15. desember þar sem málið verður tekið þar upp á nýju á boðuðum stjórnarfundum í hádeginu þann dag.

Með kveðju
F.h. stjórnar ÍHÍ

Viðar Garðarsson

5. Á hvaða vettvangi innan ÍHÍ er reglugerð um dómgæslu breytt? Er það ársþing eða stjórn sem hefur slíkt vald?

Frá því að Íshökkísamband Íslands varð sjálfstætt sérsamband innan ÍSÍ þann 6. nóvember síðastliðinn hefur stjórn sambandsins heimild til þess að breyta og eða setja nýjar reglugerðir sem síðan þarf að bera undir íshökkíþing til staðfestingar. Fram að þeim tíma var einungis heimilt að breyta eða setja nýjar reglugerðir á Skautaþingi sem að haldið var árlega.

6. Hvað er keppt í mörgum flokkum í íshökkímótum á vegum ÍHÍ?

Innan vébanda ÍHÍ er leikið í 7 aldursflokkum karla og í meistaraflokki kvenna eða samtals í 8 flokkum.

7. Hve margir virkir dómara hafa verið tilkynntir inn til ÍHÍ frá aðildarfélögum og hvernig skiptist sá hópur milli félaga?

Við upphaf tímabilsins hafði ekkert félag tilkynnt formlega um dómara til ÍHÍ þrátt fyrir að dómaranefnd sambandsins hefði óskað eftir tilnefningum með erindi sendu til aðildarfélaga 15. september 2005.

Eftir að erindi það sem er hér að ofan er svar við lið númer 4 var sent aðildarfélögum tilkynnti Narfi inn 3 dómara samdægurs eða 7. desember 2004, SR tilnefndi 3 dómara 13. desember 2004, SA tilnefndi 3 dómara 15. desember 2004 og Björninn tilnefndi 3 dómara 6. janúar 2005.

Öll félögin slepptu því að tilnefna dómara í upphafi tímabils þrátt fyrir erindi dómaranefndar þar að lútandi, enda það í takti við það vinnulag sem áður hafði tíðkast. Eina svarið sem að barst við erindi dómaranefndar var tilkynning frá Narfa um 2 menn á fyrirhugað dómaranámskeið sem haldið var áður en keppnistímabilið hófst.

8. Hefur orðalag reglugerðar nr. 6 verið óbreytt frá upphafi?

Fyrir utan þá breytingu sem rakin er hér að ofan frá skautaþingi 2003 rekur undirritaðan minni til þess að fyrir allnokkrum árum var grein 6.4 bætt við reglugerðina en ég hef ekki gögn um hvenær nákvæmlega það var.

9. Skiptist dómgæsla í meistaraflokki karla nokkuð jafnt niður á þáttökulið?

Dómaranefndin hefur reynt eftir föngum að setja dómara á leiki í meistaraflokki karla sem mesta reynsluna hafa, að því gefnu að dómari komi ekki frá þeim liðum sem leika hverju sinni. Af þeim 18 leikjum sem leiknir hafa verið í mfl. karla hafa dómara frá SR dæmt flesta leiki en nánast er jafnræði er með hinum liðunum 3.

10. Hefur Umf. Narfi að mati stjórnar ÍHÍ á yfirstandandi keppnistímabili uppfyllt ákvæði reglugerðar nr. 6 um fjölda og störf dómara á vegum ÍHÍ?

Í ljósi þess fyrirkomulags sem verið hefur á þessum málum síðustu ár og skýrt hefur verið út hér að ofan er engin vafi að Ungmennafélagið Narfi hefur uppfyllt ákvæði reglugerða 6 með sama hætti og önnur aðildarfélög og er það mat byggt á víðri lögskýringu og þeim hefðum sem í gildi hafa verið. Ljóst er að ef beita á þröngri lögskýringu hafa öll aðildarfélög ÍHÍ gerst brotleg við reglugerð 6 með sama hætti og Narfi er nú kærður fyrir, þegar þau svöruðu ekki erindi dómaranefndar frá 15. september síðastliðnum og létu hjá leiðast að tilkynna inn dómara þrátt fyrir beiðni þar um.

Þetta er persónulegt álit undirritaðs og endurspeglar það álit meirihluta stjórnar ÍHÍ, ljóst er hinsvegar á kæru þeirri sem fram er komin að ekki er einhugur um þetta álit innan stjórnarinnar.

Engar kvartanir hafa borist til dómaranefndar eða stjórnar ÍHÍ vegna aðkomu Narfa eða annarra félaga ef því er að skipta, vegna ófullnægjandi þátttöku í dómara, starfsmanna og eftirlitsmálum í leikjum á vegum ÍHÍ.

11. Hve langt er keppnistímabilið og hver marga leiki leikur hvert lið í meistaraflokki karla?

Í meistaraflokki karla eru leiknar 6 umferðir eða hvert lið leikur 18 leiki, þannig er tímabilið nú svo gott sem hálfnað. Narfi hefur leikið 10 leiki, Björninn og SA hafa leikið 9 leiki og SR hefur leikið 8 leiki.

V.

Kæranda var gefinn kostur á að koma að athugasemdum vegna greinargerðar hins kærða félags og framangreinds svars formanns ÍHÍ við spurningum dómara, dags. 6. janúar 2005: Það er svohljóðandi:

"Greinargerð Narfa og svar formanns ÍHÍ, staðfesta efni kæru okkar, þ.e. að Narfi uppfyllti ekki reglugerð ÍSS nr. 6 fyrir byrjun Íslandsmóts í MFL karla nú í haust. Tveir þeirra manna sem Narfi telur nú að séu dómara fyrir félagið, uppfylla ekki skilyrði reglugerðar nr. 6.

Allt frá Skautþingi 2003, eða frá þeim tíma sem einstaklingar úr Birninum voru ekki lengur í stjórn ÍHÍ, hefur Björninn margoft þurft að ítreka, að farið verði að reglugerðum ÍSS. Strax á fyrsta fundi eftir að einstaklingar úr Birninum urðu aftur stjórnarmenn ÍHÍ, eða þann 10. nóvember 2004, var hugað að framkvæmd reglugerða. Kom þá þetta í ljós.

Öll efnisatriði málsins koma að okkar mati fram í bókuninni sem fulltrúar Bjarnarins lögðu fram á stjórnarfundum ÍHÍ 7. desember 2004 og fylgir hér.

Þó er rétt að mótmæla tveimur atriðum í svari Viðars Garðarssonar, formanns ÍHÍ, við spurningum dómara málsins, dags. 6. janúar 2005:

1. Í svari við 1.spurningu dómara, segir í síðasta málslið: **”Ástæðan er sú að almennt eru menn sammála inntaki hennar en hreyfingin er ekki komin á það þroskastig að hægt hafi verið að framfylgja henni”**.

Við mótmælum harðlega þeirri skoðun Viðars Garðarssonar, að ekki sé hægt að fara eftir reglugerðum ÍSS og uppfylla þær.

Mjög auðvelt er að uppfylla reglugerð ÍSS nr.6, þar sem í henni er heimild til þess að sækja um undanþágur fyrir tilnefnda dómara, uppfylli þeir ekki almenn skilyrði reglugerðarinnar. Þessar heimildir nýtti Narfi sér ekki.

2. Í svari formanns ÍHÍ við spurningu dómara nr.7, segir í fyrstu málsgrein: **” Við upphaf tímabils hafði ekkert félag tilkynnt formlega um dómara til ÍHÍ þrátt fyrir að dómaranefnd sambandsins hefði óskað eftir tilnefningum með erindi sendu til aðildarfélaganna 15. september 2005”**.

Á það skal bent að ekki lá fyrir á þeim tíma sérstök reglugerð um dómaranefnd sambandsins, heldur aðeins um sameiginlega móta og dómaranefnd.

Það, að beiðni um þátttakendur á dómara námskeið, sem send var félögunum 14. september 2004, sé jafnframt ósk um tilnefningu á virkum dómurum í Íslandsmót er að okkar mati, alveg út í hött. Þetta eru tvö alls óskyld mál. Dómara námskeið hafa verið haldin flest haust frá stofnun ÍSS. Aldrei hefur verið litið svo á, að með tilkynningum um þátttakendur á þau námskeið, séu félögin jafnframt að uppfylla reglugerð ÍSS nr. 6 og tilnefna þrjá virka dómara. Þær tilnefningar hafa ávallt verið sjálfstætt mál. Bendum við á, að það hefur komið fyrir að þátttakendur á dómara námskeiðum hafa ekki fengið réttindi til dómagæslu í lok námskeiðs.

Vegna ábendinga, bæði Narfa og Viðars um þegjandi samkomulag, sem gilt hafi milli aðildarféлага ÍHÍ, viljum við benda á dóm þann sem Björninn hlaut í vor, þegar SA kærði félagið vegna skorts á félagaskiptum yngri leikmanna. Þá vísaði Björninn til heiðursmannasamkomulags sem staðið hafði allt frá stofnun ÍSS, um það að aðeins leikmenn í MFL þyrftu transferkort. Dómstóll ÍSÍ tók þá röksemd ekki til greina."

VI.

Hið kærða félag taldi ekki þörf á að svara sérstaklega svari kæranda að undanskildu eftirfarandi athugasemd "Reyndar virðist gæta einhvers misræmis hjá kæranda sem rétt er að nefna. Í svarinu stendur: "Tveir þeirra manna sem Narfi telur nú að séu dómara fyrir félagið uppfylla ekki skilyrði reglugerðar nr. 6" Þar er að öllum líkindum átt við reglugerð 6.2 en það kemur fram í gögnum sem þegar hafa verið lögð fram hvenær liðin fjögur sóttu um þá undanþágu sem þar er fram tekin. Það er hins vegar málinu óviðkomandi þar sem kára Bjarnarins er byggð reglugerð 6.1 eða eins og segir í 3. lið kærunnar sem nefnist "Málavextir": UMF Narfi tilnefndi ekki þrjá virka dómara til þess að dæma fyrir hönd félagsins í Íslandsmóti karla í íshokki, keppnistímabilið 2004-2005 eins og kveðið er á í málsgrein A. 1. greinar reglugerðar ÍSS, nr 6."

VII.

Niðurstaða.

Mál þetta snýst um það hvort hið kærða félag hafi uppfyllt ákvæði reglugerðar um dómgæslu á mótum á vegum Íshokkisambands Íslands (ÍHÍ). Engin reglugerð eða reglur um dómgæslu voru samþykktar við stofnun Íshokkisambands Íslands hinn 6. nóvember

2004 þegar Skautasambandinu (ÍSS) var skipt í sérsamband listskauta og íshokki. Varðandi dómgæslu í mótum á vegum ÍHÍ virðist það sameiginlegur skilningur málsaðila að þar gildi reglugerð Skautasambands Íslands (ÍSS) nr. 6. Er þar átt við eftirfarandi ákvæði hvað íshokkíþróttina áhrærir:

"6.1 Sérhvert félag sem tilkynnir þátttöku í mótum á vegum ISS öðlast ekki þátttökurétt fyrir en það hefur:

A) Íshokki: Tilnefnt virka dómara til að dæma fyrir þess hönd. 3 í íshokkíleikjum ef lið er tilkynnt í íshokkímót.

6.2 Dómari sem tilnefndur hefur verið má ekki vera keppandi í viðkomandi móti, þjálfari eða foreldri keppenda. "

Í ágreiningsmálum af þeim toga sem hér er til meðferðar er nauðsynlegt að styðjast við túlkun á gildandi lögum og reglum. Séu þær ekki til staðar þarf að byggja á öðrum lögskýringargögnum. Við úrlausn málsins verður einnig að hafa í huga að reglugerð ÍSS sem við á í þessu máli geymir engar refsheimildir. Verður því að styðjast við ákvæði 36.greinar laga Íþróttá-og Ólympíusambands Íslands varðandi dómsniðurstöðu og refsheimildir. Er það mat dómsins að krafa kæranda um brottvikningu kærða úr móti sé langt úr hófi miðað við önnur úrræði sem þar er að finna. Til að útkljá ágreining í þessu máli er eins og að framan er rakið stuðst við reglugerð Skautasambands Íslands (ÍSS) nr. 6 um dómaramál. Þar sem fjöldi þátttökuflokka í íshokkíþróttinni hefur aukist gífurlega á síðustu árum auk þess sem fleiri félög hafa verið stofnuð er brýnt fyrir íshokkí-hreyfinguna að aðlaga reglur um dómgæslu að breyttu umhverfi íþróttarinnar.

Eins og mál þetta er lagt fyrir af hálfu kæranda byggist dómkrafa hans á því að hann telur að hið kærða félag uppfylli ekki ákvæði a-liðar greinar 6.1. hér að framan þar sem félagið hafi ekki tilnefnt 3 virka dómara þegar eina lið þess í meistaraflokki karla var tilkynnt í Íslandsmót.

Ekki verður fallist á þær málsástæður kæranda þar sem hið kærða félag tilkynnti sannanlega 3 virka dómara til ÍHÍ sem dæmt hafa á fyrir hönd félagsins í mótum á vegum sambandsins. Þetta voru þeir Viðar Garðarsson, Helgi Gunnlaugsson og Sigurður Sveinn Sigurðsson. Af orðalagi greinarinnar verður ekki lesið að það sé skilyrði að þessir 3 dómarar þurfi allir að dæma í meistaraflokki karla.

Ber því að sýkna hið kærða félag af öllu kröfum kæranda.

DÓMSORÐ

Íshokkídeild Ungmennafélagsins Narfa er sýkn að öllum kröfum Skautafélagsins Bjarnarins.

Gunnar Guðmundsson

Um áfrýjun:

Heimilt er að skjóta dómi þessum til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, og er áfrýjunarfrestur til áfrýjunardómstólsins ein vika frá því aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu þess, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að framangreindur dómur var kveðinn upp.